

Nd.

293. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haft frumvarp þetta til meðferðar og athugað það. Hefir nefndin meðal annars borið málið undir stjórn Landsbankans, og hefir hún látið nefndinni í tje álit sitt um málið og telur það varhugavert frá bankans hlið sjeð.

Nefndin er á einu máli um þýðingu þess fyrir landbúnaðinn, að hann fái að njóta fjármagns bankanna í eðlilegu hlutfalli við aðrar atvinnugreinir landsmanna, sjávarútveg og verslun. Getur nefndin ekki fallist á, að mótbárur bankastjórnarinnar sjeu á fullum rökum bygðar. Leggur nefndin því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Orðin »til jarðabótaframkvæmda o. fl.« falli burt.
2. Við 3. gr. 3. Nýr tölul.:
að veita lán til varanlegra húsabóta í sveitum.
3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: Þegar um lán til húsabóta er að ræða, skal umsókninni fylgja áætlun um kostnað frá byggingarfróðum manni, og skulu byggingarnar framkvæmdar eftir fyrirsögn og undir eftirliti slíks manns.
4. Við 8. gr.
 - a. Í stað »4%« komi: 5 %.
 - b. Í stað »20 ár« komi: 25 ár.
 - c. Í stað »fyrstu 4 árin« komi: fyrstu 5 árin.

Alþingi, 2. apríl 1924.

H. J. Kristófersson,
formaður.

Árni Jónsson,
frsm., fundaskrifari.

Björn Líndal,
með fyrirvara.

Pjetur Þórðarson.

Halldór Stefánsson.